

Nd.

311. Breytingartillögur

við frv. til laga um fólksráðningarstofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki og bjargarvana.

Frá bjargráðanefnd.

1. Við 1. gr.

Fyrir »Fiskiveiðafjelag« komi:

Fiskifjelag.

2. Við 2. gr.

Greinin falli burt og 3. gr. verði 2. gr.

3. Við 4. gr.

Í stað hennar komi:

3. gr.

Nú er vinnufært fólk atvinnulaust og verður eigi ráðið til vinnu af fólksráðningarstofunni, nje með frjálsum samningum á annan hátt, eða gengur iðjulaust, enda líkur til, að það verði öðrum til byrði, og veitist þá bæjar- og sveitarstjórnnum vald til að ráðstafa fólki þessu í vistir, þótt eigi hafi það leitað sveitarstyrks.

4. gr.

Nú getur bæjar- eða sveitarstjórn eigi ráðstafað fólkinu samkvæmt 3. gr. og mjög ísbyggilegar horfur eru um bjargræði. Skal hún þá safna ítarlegum skýrslum um ástandið, og getur að því búnu snúið sjer til landsstjórnarinnar — um leið og hún sendir skýrslu þessa — um aðstoð til þess að ráðstafa fólkinu. Hefir landsstjórnin þá vald til að skipa fyrir um flutning á slíku fólki til annara staða, ef þar er atvinnu að fá því til framfæris, og skipa því þar í vistir.

Nú gerir bæjar- eða sveitarstjórn engar eða ófullnægjandi ráðstafanir á atvinnulausu fólki og leitar eigi heldur aðstoðar landsstjórnar, og hefir þá landsstjórnin, að undangenginni aðvörun, sama vald til að ráðstafa því og áður ræðir um í þessari grein.

4. Við 5. gr.

Fyrir »2. gr.« komi:

4. gr.

5. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

Hver sá, sem ráðstafað er til vistar af landsstjórninni, skal skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um að vera ekki haldinn næmum sjúkdómi.

6. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Nú óhlýðnast maður ráðstöfunum þeim, sem gerðar verða samkvæmt heimild 3. og 4. gr., og má þá kæra hann fyrir bæjarfógeta eða sýslumanni, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. Við fyrirsögn.

Hún verði:

Frumvarp til laga um fólksráðningar.